

Ed.

551. Nefndarálit

um frv. til l. um eignaraukaskatt.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Minni hluti fjárhagsnefndar leggur til, að frv. þetta verði fellt.

Ástæðurnar fyrir því eru í stuttu máli þessar:

Við álitum a. m. k. mjög vafasamt, hvort það samræmist ákvæðum stjórnarskrárinnar að taka eignarauka þann, sem farið er fram á, þótt skattur sé nefndur, af fámönnum flokki manna. Virðist okkur eignatákan frekar „konfiskation“ en hægt sé að tala um skatt.

En þótt svo væri ekki, leggjum við allt að einu á móti samþykkt frv.

Eignaraukning áráanna 1940—1943 hefur ýmist orðið vegna atvinnutekna umfram eyðslu eða við sölu eigna fyrir herra verð en þær hafa áður verið talðar í framtölum seljanda.

Í fyrra tilfellingu hafa menn greitt tekjuskatt af tekjum sínum og eignarskatt af eignaraukanum, og eins og skattstiga hér er háttáð, er eignaraukningin aðeins brot þeirra tekna, sem aflað hefur verið. Állur meginhlutinn hefur gengið til hins opinbera. Virðist lítil sanngirni mæla með því, að tekinn sé nú að auki verulegur hluti þess, sem þeim, er vann inn peningana, var leyft að halda eftir.

Eignaraukningu þá, sem skapast hefur við sölu verðmæta umfram bókfært verð, er vegna sífallandi verðgildis íslenzkra peninga ómögulegt að ákveða. Í fjölmörgum tilfellum er, eins og sakir standa, um raunverulegt tap að ræða, þó að fram komi tölugróði á pappír, því að ekki mundi hægt að kaupa aftur inn sömu eign fyrir söluverð.

Virðist lítil sanngirni mæla með því að refsá þeim mönnum, sem selt hafa eignir sínar á þennan hátt og greitt eignarskatt af hinum ímyndaða eignarauka, með eignatökuskatti, umfram þá, sem hafa ekki selt og eru þess vegna raunverulega betur stæðir, þó að eignayfirlit sýni engan ágóða.

Ef svo brýn þörf risi, að löggjafarvaldið teldi sig þurfa að ganga á snið við stjórnarskrána og gera upptækar eignir manna, verður ekki séð, að það væri verjandi á annan hátt en að raunverulegur hagur allra landsmanna væri gerður upp, miðað við gangverð allra eigna, og eignatákan framkvæmd af raunverulegum eignum eða eignarauka, en ekki af einhverjum óraunhæfum pappirsgróða.

Það er augljóst mál, að til slíkra ráðstafana væri óverjandi að gripa, nema við lægi þjóðargjaldþrot og stöðvun aðalatvinnuvega landsmanna.

Slíkar ástæður eru, sem betur fer, ekki fyrir hendi, og álitum við því samþykkt þessa frv. með öllu óverjandi.

Alþingi, 30. nóv. 1943.

Magnús Jónsson,
form.

Lárus Jóhannesson,
frsm.